135

Gjöld:

Kostnaður sjóðsins	kr.	893 44
Eign til næsta árs	—	324 93
	kr.	1218 37

Forseti amtsráðs Norðuramtsins Akureyri, 29. okt. 1906.

Guðl. Guðmundsson.

Auglýsing

um

útvegun á girðingarefni um árið 1907.

136
7. nóvbr.

Stjórnarráðið útvegar á næsta ári, samkvæmt lögum um gaddavírsgirðingar frá 20. október 1905 og ákvæðum auglýsingar þessarar, girðingaefni fyrir sýslufjelög, sveitarfjelög, búnaðarfjelög og samvinnukaupfjelög.

Girðingarefnið er samskonar og getur um í auglýsing stjórnarráðsins frá 1. október 1904, sbr. reglugerð 24. maí s. á.

Fyrir hvert fjelag útvegar stjórnarráðið ekki minna af hverri tegund girðingarefnisins, en hjer greinir:

| | | |

136 7. nóvbr. ritaðir af meðlimum hreppsnefndarinnar og á þær vera ritað samþykki sýslumanns fyrir hönd sýslunefndar. Beiðnir um sama frá sýslunefndum gefur sýslumaður út eptir akvæðum nefndarinnar.

Beiðnum frá búnaðarfjelögum og samvinnukaupfjelögum skulu fylgja vottorð frá hlutaðeigandi sýslumanni um, að fjelagið sje búnaðarfjelag, eða samvinnukaupfjelag, og að stjórn fjelagsins hafi undirritað beiðnina til stjórnarráðsins; ber að sýna sýslumanni lög fjelagsins, ef hann krefst þess, og láta honum í tje aðrar nauðsynlegar upplýsingar, áður en hann gefur vottorð þetta út.

Beiðnir um útvegun á girðingarefni, samkvæmt framansögðu, verða að vera komnar til stjórnarráðsins fyrir 15. febrúar næstkomandi.

Í stjórnarráði Íslands 7. nóvember 1906.

H. Hafstein.

Jón Hermannsson.

137 10. oktbr.

Auglýsing

um

àkvörðum tímans við starfrækslu landsímanna og póstþjónustuna.

Við starfrækslu landssímanna og póstþjónustuna skal fara eptir einum og sama tíma á öllu Íslandi, er sje miðtíminn á 15. lengdarstigi fyrir vestan Greenwich.

Þetta birtist hjermeð til leiðbeiningar og eptirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands 10. október 1906.

H. Hafstein.

Jón Hermannsson.

Embættaskipun og lausn m. m.

Lausn.

13. nóvbr. var presti að Mýrdalsþingum, Jes A. Gíslasyni, veitt lausn frá embætti án eptirlauna, samkvæmt umsókn hans.

Óveitt embætti.

Laust prestakall.

Mýrdalsþing í Vestur Skaptafellsprófastsdæmi (Höfðabrekku, Reynis og Skeiðflatarsóknir). Metið kr. 1318.22. — Uppgjafaprestur fær af brauðinu kr. 118.22 upp í eptirlaun sín. — Veitist frá næstkomandi fardögum. Auglýst 15. nóvbr. 1906. Umsóknarfrestur til 16. janúar 1907.